

21. FÖR KJARTANS AÐ LAUGUM

Eftir jól um veturinn safnaði Kjartan að sér sextíu mönnum. Ekki sagði hann föður sínum hvert hann ætlaði og spurði Ólafur hann ekki um það. Kjartan hafði með sér tjöld og vistir. Ríður Kjartan nú leið sína þar til er hann kemur til Lauga. Hann biður menn sína að stíga af baki. Suma það hann að gæta hesta þeirra, aðra að reisa tjöld.

Í þann tíma var það venja að salerni væru í sérstökum húsum og ekki innangengt í þau úr bæjarhúsum og þannig var á Laugum. Kjartan lét loka öllum dyrum á bæjarhúsunum og bannaði öllum mönnum útgöngu og stóð svo í þrjá sólarhringa. Eftir það ríður Kjartan heim í Hjarðarholt og förunautar hans hver til síns heimilis.

Ólafur lét illa yfir þessari ferð. En Þorgerður sagði að Laugamenn hefðu unnið til þessarar svívirðingar eða meiri.

Þá mælti Hrefna: „Áttir þú, Kjartan, við nokkra menn tal á Laugum?“

„Lítið var bragð að því,“ svaraði Kjartan, og sagðist þó hafa skipst á nokkrum orðum við Bolla.

Þá mælti Hrefna og brosti við: „Það er mér sannlega sagt að þið Guðrún munið hafa talast við. Og svo hef ég spurt hvernig hún var búin, að hún hefði nú faldað sig motrinum og færi hann henni einkar vel.“

Kjartan svarar og roðnar við: „Ekki bar mér það fyrir augu er þú segir frá, Hrefna,“ segir Kjartan. „Mundi Guðrún ekki þurfa að falda sér motri til að vera glæsilegri en allar aðrar konur.“

Þá hætti Hrefna þessu tali.

Þeim Laugamönnum líkar illa og þótti þetta miklu meiri svívirðing og verri en þótt Kjartan hefði drepið einn eða tvo menn fyrir þeim. Voru synir Ósvífurs óðastir en Bolli dró heldur úr. Guðrún talaði fæst um þetta en þó fundu menn það á orðum hennar að ekki væri víst að öðrum líkaði verr en henni. Gerðist nú fullur fjandskapur milli Laugamanna og Hjarðhyltinga.

RIFJIÐ UPP:

1. Kjartan safnaði miklu liði og fór með það inn að Laugum. Hver var tilgangurinn?
2. Þau hjón, Ólafur og Þorgerður, bregðast ekki við fréttunum á sama máta. Hvað sagði Ólafur um tiltækið? En Þorgerður?
3. Hrefna, kona Kjartans, kom með óvænta athugasemd þegar Kjartan kom frá Laugum. Hvað sagðist hún hafa frétt? Hverju svaraði Kjartan? Hvernig ætli henni líði?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað kemur Hrefnu til að vera með þessar dylgjur um að Kjartan hafi hitt Guðrúnu?
- Kjartan roðnaði, segir í textanum. Rifjið nú upp hvenær áður hefur verið talað um það að einhver hafi roðnað. Hvaða tilfinningar virðast einkum verða til þess að fólk roðni ef litið er til þessarar sögu?
- Í hverju liggur svívirðingin sem Laugamenn eru svo æfir yfir?